REGNBOGINN
– leikskóli –



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2025-26

Starfsáætlun 2026-2027

Efnisyfirlit:

Regnboginn 3
Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans 5
Niðurstöður innra og ytra mats 2025-26 6
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026-2027 8
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2025-2026 10
Umbótaáætlun Gulu deildar fyrir starfsárið 2026-27 12
Greinargerð Rauðu deildar fyrir skólaárið 2025-2026 14
Umbótaáætlun Rauðu deildar fyrir starfsárið 2026-2027 17
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2025-2026 19
Umbótaáætlun Grænu deildar fyrir starfsárið 2026-2027 23
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar 24
Samstarf 25
Foreldrasamvinna 26
Lokaorð 27
Fylgiskjöl 28





Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt starfandi leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Gaudium ehf.*

Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 18 mánaða - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Áherslur leikskólans í starfi eru á: *Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál og læsi og skapandi starf í anda Reggió Emilía.*

Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk





Útskriftarhópur Regnbogans 2026

Árgangur 2020



Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði – Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Mannauður

Fanney Guðmundsdóttir, sem tók tímabundið við stöðu skólastjóra í ársbyrjun 2025, gegnir stöðunni áfram, en Sigríður ber ábyrgð á rekstrarhliðinni. Þessi verkaskipting hefur reynst afar vel, skapar gott jafnvægi bæði í vinnuálagi og verkaskiptingu. Samhliða rekstrarstörfum situr Sigríður í stjórn samtaka sjálfstæðra skóla sem varaformaður.

Við í Regnboganum búum að fjölbreyttum og auðugum mannauði sem samanstendur af fagmenntuðu starfsfólki og hæfileikaríkum leiðbeinendum. Þá eru háskólanemar sem koma á afleysingar vaktir s.s. vegna undirbúnings hefur unnið hjá okkur í langan tíma og er ómetanlegt að fá vant fólk þessar stöður.

Á síðasta eina og hálfa ári hafa tveir starfsmenn hafið nám í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands en hættu því miður báðar eftir eina önn. Báðar lýstu óánægju með skipulag námsins og námsumhverfi. Í öðru tilvikinu ætlaði viðkomandi að stunda námið í fjarnámi samhliða vinnu en svo kom á daginn að ekki var um eiginlegt fjarnám að ræða og krafðist námið mætingar í rauntíma á Teams, án nokkurs sveigjanleika. Sami starfsmaður hafði skilað inn raunhæfnimati í upphafi annar en niðurstöður úr því höfðu enn ekki borist í lok annar. Þessi atriði, ásamt fleirum, leiddu til þess að viðkomandi taldi ekki raunhæft að halda náminu áfram með tilheyrandi álagi á vinnu og einkalíf.

Þessi reynsla gefur tilefni til umhugsunar. Í ljósi viðvarandi skorts á leikskólakennurum er mikilvægt að huga að því hvernig námsleiðir og fyrirkomulag styðja betur við reynda starfskrafta sem vilja bæta við sig menntun. Skýrt skipulag og skilvirk stjórnsýsla geta skipt sköpum í því að gera fleirum kleift að ljúka námi hratt og örugglega og styrkja faglegt starf í leikskólum.

Námskrá

Í janúar hófst vinna við endurskoðun námskrár leikskólans með það að markmiði að uppfæra hana og aðlaga að breytingum á aðalnámskrá leikskóla. Vinna við námskránna hefur gengið nokkuð vel en hún hefur þó á köflum þurft að sitja aðeins á hakanum á þessu ári vegna annarra verkefna. Textagerð er samt langt á veg komin og erum við nú að byrja að vinna að uppsetningu og hönnun. Ætlunin er setja hana upp á fallegan og auðlæsilegan hátt í svipaðri mynd og bæklingurinn „Velkomin í Regnbogann“, sem nýir foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu**.**

Reykjavíkurleiðin

Vinnutímastytting í kjölfar lífskjarasamninga hefur reynst mörgum leikskólum krefjandi. Í upphafi árs kynnti borgin nýja Reykjavíkurleið til leiks til að bæta starfsaðstæður í leikskólum sínum.

Í Regnboganum hefur frá upphafi verið unnið með daglega vinnutímastyttingu, sem upphaflega var 20 mínútur. Þegar kom til þess að innleiða aukna styttingu var það nær

einróma álit starfsmanna að halda áfram með daglega vinnutímastyttingu í stað þess að t.d. fólk tæki hálfan frí dag einu sinni í viku. Það þótti ekki ganga upp þegar hagsmunir barnanna voru hafðir í fyrirrúmi.

Styttingin var því aukin úr 20 mínútum í 45 mínútur á dag og vinnur starfsfólk því í 7 klst. og 15 mínútur á dag. Farnar voru ýmsar leiðir til að láta það ganga upp, vöktum starfsmanna var breytt þannig að þunginn af starfsfólkinu sé yfir miðjan dag, nokkrir foreldrar sem voru með tíma til 16:30 styttu dvalartímann til 16:15, opnunartími yngstu deildarinnar var styttur í 16:00 o.fl. Það var þó ljóst að full stytting var ekki möguleg án aukins kostnaðar og því heimilaði rekstraraðili auka ráðningu á skilavakt á yngstu deildina sem er kostnaður sem leikskólinn tók á sig.

Þessi leið hefur reynst vel og gátum við innleitt breytingar á farsælan hátt með takmörkuðum áhrifum á börn og fjölskyldur þeirra. Má þá nefna að Regnboginn hefur **aldrei** þurft að loka vegna veikinda eða manneklu, sem má þakka góðri mönnun, stöðugum og öflugum mannauði.

Þegar Reykjavíkurleiðin var kynnt til leiks höfðum við ákveðnar efasemdir um hana út frá okkar skipulagi en sýnum á sama tíma fullan skilning á því að ráðast þurfi í aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi þar sem langvarandi fáliðun hefur verið ríkjandi í skólum borgarinnar.

Við sáum þó ljósið á endanum og lögðum tillögur okkar fyrir foreldraráð leikskólans sem samþykktu þær án athugasemda. Einu ábendingarnar frá þeim voru að þau óskuðu þess af heilum hug að Regnboginn hafi áfram tök á að vera með skipulags- og fræðsludaga utan vinnutíma. Þeir eru teknir á laugardögum og greidd er yfirvinna fyrir þá.

Ákveðið var að taka ekki upp skráningardaga á þessari önn. Þess í stað munum við meta það á næsta skólaári hvort/hvernig þeir verða.

Foreldrar tóku vel í breytingar borgarinnar og eru að útfæra dvalarstundir á fjölbreyttan hátt á meðan aðrir halda sig í 40 klst. Helsta breytingin hjá okkur var sú að nú er ekkert barn með tíma til 16:30 í leikskólanum. Það var svo sannarlega hagur fyrir deildarnar að geta fært síðustu vaktir fram.

Áhrif á rekstur eru enn að koma fram en framlög frá bæði borg og foreldrum hefur lækkað.

Niðurstöður innra og ytra mats 2025-26

Innra mat

Áherslur leikskólans í starfi – Þetta er umbótaþáttur sem við vinnum með allan ársins hring. Markmiðið er að faglegt starf, viðmót og samskipti innan leikskólans endurspegli áherslur leikskólans í starfi: *tilfinningalega styðjandi umhverfi, skapandi starf í anda Reggíó Emilía og mál og læsi*. Á deildarfundum og stjórnendafundum rýnum við reglulega í starfsemina með það að leiðarljósi að greina hvað gengur vel og hvar tækifæri til vaxtar liggja. Í greinargerðum deilda er gerð grein fyrir því hvernig hver deild metur og þróar sitt starf í samræmi við þessar áherslur.

Fjölmenning – Í námskrárvinnu höfum við reynt að greina tækifæri til umbóta og einn af þeim þáttum var að auka vinnu með fjölmenningu. Útbúin voru matsblöð þar sem starfsfólk rýndi í sína deild og ígrundaði hvort gera þurfti breytingar til að efniviður, umhverfi og viðhorf endurspegli ólíka menningarheima. Deildarstjórar kynntu niðurstöður á stjórnendafundi og miðluðu hugmyndum starfsmanna að úrbótum. Í greinagerð deilda verður lýst nánar hvernig þessar hugmyndir voru útfærðar í daglegu starfi og hvernig þær birtast í námsumhverfi barnanna.

Gildin – Í Regnboganum leggjum við okkur fram við að skapa tilfinningalega styðjandi umhverfi þar sem gildin okkar *gleði, virðing og umhyggja* endurspeglast í samskiptum við börn, milli starfsfólks og við foreldra. Gildin hafa alltaf verið í hávegum höfð og eru grunnur að mannauðs- og samskiptasáttmála leikskólans.

Eitt af þeim tækifærum sem komu fram í námskrárvinnunni var að skerpa sýn á innihaldi gildanna og hvernig þau birtast í daglegu starfi. Því var þessi þáttur skilgreindur sem umbótaverkefni á skólaárinu.

Ákveðið var að safna bæði skráðum og óskráðum upplýsingum og útbúa sérstakt skjal fyrir hvert gildi sem lýsir birtingarmynd þess í daglegu starfi í Regnboganum. Út frá þeim gögnum erum við að hanna plaköt. Stefnt er að því að hvert plakat fái sitt rými og tíma á veggjum deilda og í fataklefa, þar sem sérstök áhersla verður lögð á viðkomandi gildi hverju sinni.

Útileiksvæði – Áfram er útisvæðið okkur hugleikið. Á deildar- og deildarstjórafundum hefur ýmsum hugmyndum verið varpað fram. Hver deild fékk afhenta stóra teikningu af garði leikskólans til að safna saman hugmyndum. Í mati barna á síðasta ári settum við inn spurninguna *„hvað myndir þú vilja fá nýtt í garðinn“* og komu margar skemmtilegar hugmyndir frá þeim.

Það var von okkar að fá heildstæða hönnun á garðinn til að vinna út frá en erfitt hefur reynst að fá hönnuð í lið með okkur (vegna anna) en við höfum þó haft samband við aðila sem hafa gefið okkur álit og er við nú að nálgast lendingu í hönnun og vonumst til að geta byrjað fyrsta fasa í framkvæmdum næsta sumar.

Mat 4ra og 6 ára barna á skólastarfi - Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin væru í góðu jafnvægi og liði vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks - Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausa könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun.

Niðurstöður könnunarinnar gáfu til kynna að starfsfólk er mjög ánægt eða ánægt í starfi sínu, það fær tækifæri til að nýta þekkingu sína í starfi og fær viðeigandi þjálfun. Starfsfólk sýnir

hvoru öðru umburðarlyndi og fær stuðning frá næsta yfirmanni/skólastjóra og allir leggja sig fram til að skapa vingjarnlegt og uppbyggjandi starfsumhverfi. Það má til gamans geta að allir sem svöruðu könnuninni myndu mæla með Regnboganum sem vinnustað! Góðar ábendingar og óskir komu einnig fram í starfsmannakönnuninni sbr. hugmyndir að fræðslu fyrir komandi skólaár. Líkt og fyrri ár er mikið lagt upp úr virðingu, gleði og umhyggju meðal alls starfsfólks.

Ytra mat

Rafræn fundur með skóla- og frístundasviði fór fram 27. október 2025. Þar var farið yfir gögn sem óskað var eftir frá leikskólanum og svör við könnun. Eftirlitsaðilar heimsóttu leikskólann 11. desember 2025.

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun var ekki send út í ár.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026-2027

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi **Tilfinningalega styðjandi umhverfi** **Skapandi starf í anda Reggíó Emilía** **Mál og læsi**	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans	Allan ársins hring metum við áherslur okkar í starfi á deildarfundum, skipulagsdögum og stjórnendafundum.	Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	2026-2027	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Skipulags – og fræðsludagar	Starfið í leikskólanum er í takt við áherslur leikskólans í starfi
Skapandi starf í anda RE **Raddir barna**	Styrkja rödd barnanna. Leggja áherslu á ferli og áhuga barna fremur en útkomu. Börnin kynnist margs konar efnivið og hafi tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa.	Láta áhugasvið barna ráða meira för, bæði hvað efnivið og umhverfi á deildinni varðar. Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta. Skrá og funda um hugmyndir barnanna. Hvetja allt starfsfólk til að grípa áhuga barna og vinna með hann.	Skólastjóri Deildarstjórar Allt starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Skráningar sýni að unnið sé með margvíslegan efnivið út frá áhuga barna á fjölbreyttan hátt.

Mannauðshandbók	Leikskólinn hafi uppfærða, aðgengilega og hagnýta mannauðshandbók.	Endurgera mannauðshandbók leikskólans og setja hana upp þannig að hún sé aðgengileg og nýtist við nýliðaþjálfun, sem uppflettirit fyrir starfsfólk og sem stuðningur fyrir stjórnendur.	Skólastjóri Deildarstjórar	2026 -2027	Deildarfundir Deildarstjórafundir Skipulags- og fræðsludagar	Ný mannauðshandbók hefur verið tekin í notkun, er aðgengileg öllu starfsfólki og nýtt við nýliðaþjálfun og daglegt starf.
Námskrá	Gefa námskrá út á í bæklings-formi bæði útprentaða og rafræna.	Í Regnboganum vinnur grafískur hönnuður sem tekur að sér að hanna og setja upp námskrána	Skólastjóri Grafískur hönnuður (starfsm. í leikskólanum)	2026-2027	Deildarstjórafundir skipulagsdagar	Námskráin er aðgengileg og auðlesanleg og endurspeglar vel áherslur leikskólans í starfi.
Innleiðing EKKO-stefnu (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi).	Í gildi sé stefna og verklag varðandi EKKO mál í leikskólanum.	Útbúa Ekko stefnu	Skólastjóri Rekstraraðili Stjónendateymi	2026-2027	Deildarstjórafundir Skipulagsdagar Deildarfundir	Við leikskólann er í gildi virk Ekko stefna og verklag sem allir starfsmenn hafa fengið færðslu um.



Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2025-2026

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og dvelja þar 17 börn. Skólaárið 2025-26 voru þrjú börn fædd 2023 og 14 börn fædd 2024.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi



Það gekk vel að skapa tilfinningalega styðjandi umhverfi á deildinni. Gildi leikskólans, virðing, gleði og umhyggja settu svip sinn á flest öll samskipti deildarinnar. Við lögðum okkur fram við að aðstoða börnin að skilja tilfinningar sínar hvort sem um ræðir gleði, reiði, sorg eða aðrar þar á milli. Við studdumst við fjölbreyttan efnivið til að styðja við tilfinningalæsi og félagsfærni barnanna. Þar má meðal annars nefna Vináttuverkefnið Blæ, bókina um Litaskrímslið o.fl. Í daglegu starfi ríkir ávallt jákvætt viðmót, hlýja og leikgleði sem hefur jákvæð áhrif á líðan barna sem og starfsfólks.



Í umbótaáætlun var markmiðið að koma til móts við hvert barn af virðingu og jákvæðni, með hliðsjón af því hvar það er statt. Það gekk vel að vinna eftir þessu markmiði, þar sem lögð var áhersla á að mæta hverju barni á sínum forsendum. Með þessu reyndum við að stuðla að auknu öruggi, vellíðan og virkni barnanna í daglegu starfi. Einnig var markmið að vinna markvisst með gildin okkar þrjú, virðingu, gleði og umhyggju. Hægt hefði verið að ná enn betri árangri í vinnu með gildin en við höfum þau að leiðarljósi í gegnum starfið okkar á hverjum degi, en þar er svigrúm fyrir bætingar. Einnig var markmið að skoða 0-5 skráningu svo gætt sé að vellíðan og tilfinningum allra barna en það náðist því miður ekki og verður áframhaldandi markmið á næsta skólaári.

Mál og læsi



Skipulagðar lestrarstundir fóru fram að minnsta kosti einu sinni á dag. Bækur voru aðgengilegar börnum og starfsfólk nýtti mörg tækifæri til að lesa fyrir þau. Á þessu skólaári sýndu börnin mikinn áhuga á bókum og lestrarstundum. Starfsfólk hlúði vel að þessum áhuga og gripum við mörg tækifæri til að lesa fyrir börnin. Unnið var markvisst með *Lubbi finnur málbein*, þar sem eitt málhljóð var tekið fyrir í hverri viku. Við gerðum eina breytingu frá því á síðasta ári og lögðum mikla áherslu á málhljóð barnanna. Sú breyting gekk vel og börnin náðu að okkur mati að tengjast námsefninu betur.

Í umbótaáætlun var eitt markmiðið að auka vinnu með Lubbi finnur málbein. Við ætluðum að nota Lubba meira í leik og bæta við Lubba söngstundum einu sinni í viku. Markmið hvað varðar mál og læsi gengu vel og höfðu börnin ánægju af því að Lubbi tæki meiri þátt í daglegu starfi.

Skapandi starf í anda Reggió Emilía



Við endurmetum starfsemina reglulega yfir skólaárið með sérstaka áherslu á skapandi starf í anda Reggio Emilía. Áhersla er lögð á að fylgja ferli og flæði náms barnanna og hafa það ávallt í forgrunni. Í byrjun skólaárs leggjum við áherslu á öryggi barna, flæði og félagsfærni. Þegar þessir þættir eru komnir hjá flestum þeirra byrjum við með skipulagða listastöð. Fram að því er að sjálfsögðu boðið upp á skriffæri og teikningu í frjálsum leik.

Eitt af markmiðum skólaársins var að draga úr færibandavinnu í listsköpun og færa áherslu yfir á sköpunarferlið sjálft fremur en afraksturinn. Sú hugarfarsbreyting hefur reynst krefjandi og enn ber á því að of mikil áhersla er lögð á að framleiða verk í námsbækur barnanna fremur en ferlið sjálft. Markmiðið verður því áfram í brennidepli á næsta skólaári og unnið verður markvisst að því að minnka færibandavinnu enn frekar.

Á yngstu deildinni fá börn að kynnast fjölbreyttum efnivið og aðferðum í gegnum stöðvavinnu, þar sem leitast er við að fylgja áhuga þeirra eftir fremsta megni. Í ár lásum við bókina *Hákarl í garðinum* eftir Nick Sharratt. Hákarl í garðinum er bók sem er ávallt vinsæl á Gulu deildinni og sýndi barnahópurinn henni mikinn áhuga í ár. Við gripum það og unnum með hana á fjölbreyttan hátt. Í bókinni er Tómas Páll í garðinum með nýja sjónaukann sinn. Í hvert sinn sem hann kíkir í sjónaukann sér hann eitthvað grunsamlegt sem líkist hákarli. Hann horfir upp í loft, niður í gras, til hægri og til vinstri og allt um kring. Við notuðum pappahólka sem sjónauka og gerðum eins og Tómas Páll. Þegar við sáum uggann í bókinni hrópuðum við saman „ÞAÐ ER HÁKARL Í GARÐINUM!“

Við ákváðum að vinna með hákarlaþema á fjölbreyttan hátt. Það birtust hákarlar á veggjum deildarinnar sem vöktu forvitni barnanna. Í grjónaborði leyndust hákarlar í felum sem síðan færðu sig inn á deild í leik barnanna. Litskrúðugir hákarlar urðu til á listastöð sem fengu að svamla um í heimatilbúnum sjó. Við tókum pappahólka með okkur í göngutúr að leita af hákörlum en fundum því miður enga. Við teljum að vel hafi tekist til við að vinna að markmiðum um starf í anda Reggio Emilía og skráningar og munum halda þeirri stefnu áfram á næsta skólaári.






Aðrir umbótaþættir:

Fjölmenning

Í upphafi skólaárs var horft með gagnrýnum augum á deildina og leikefni hennar hvað varðar fjölmenningu. Inn á deild eru t.d. dúkkur með mismunandi húðlit og bækur sem styðja við fjölmenningu. Til að sýna fram á fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn barnanna voru fánar þeirra landa sem tvítyngdu börnin tengjast hengdir upp á deildinni. Einnig sungum við lög á þeim tungumálum sem áttu við.

Umbótaáætlun Gulu deildar fyrir starfsárið 2026-27

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi **Tilfinningalega styðjandi umhverfi** **Skapandi starf í anda Reggió Emilía** **Mál og læsi**	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans	Allan ársins hring metum við áherslur okkar í starfi á deildarfundum, skipulagsdögum og stjórnendafundum	Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Fræðsludagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi
Skapandi starf í anda RE **Raddir barna**	Styrkja rödd barnanna. Leggja áherslu á ferli og áhuga barna fremur en útkomu. Börnin kynnist margs konar efnivið og hafi tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa	Draga enn meira úr færibandavinnu og framleiðslu f. námsbók. Einblína frekar á ferlið og upplifun barnanna. Skrá hjá sér upplifun barna, hvað eru þau að spá og segja í ferlinu	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Skráningar sýni að unnið sé með margvíslegan efnivið út frá áhuga barna á fjölbreyttan hátt

		Hvetja alla starfsfólk til að grípa áhuga barna og vinna með hann.				
Skapandi starf í anda Reggió Emilía	Auka skapandi starf í útiveru og fara oftar í gönguferðir	Að börnin fái að njóta sín í útiveru og læri á umhverfið og allt sem fylgir því. Starfsfólk bjóði reglulega upp á fjölbreytt viðfangsefni í útiveru.	Deildarstjóri Starfsfólk deildar	2026-27	Deildarfundum	Skráningar sýna að börnin kynnist skapandi starfi í hvaða umhverfi sem er. Að börnin komi betur tilbúin á næstu deild þar sem útinám er einu sinni í viku
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Að koma til móts við hvert barn af virðingu og jákvæðni, með hliðsjón af því hvar það er statt	Skoða 0-5 skráningu	Deildarstjóri Starfsfólk deildar	2026-27	Deildarfundum	0-5 skráningar sýni að sérstaklega sé gætt að vellíðan og tilfinningum allra barna
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Bæta í hvað varðar vinnu með vináttuverkefnið Blæ.	Nota Blæ meira í leik og bæta við Blæsöngstund einu sinni í viku.	Deildarstjóri Starfsfólk deildar	2026-27	Deildarfundum	Að börnin hafi kynnst Blæ og lögum hans og fengið tækifæri til að kanna og leika sér með efniviðinn á fjölbreyttan hátt
Tengsl milli deilda	Bæta samgöngu á milli elstu barna á Gulu og árgangsins sem þau tilheyra sem er á Rauðu deildinni. Gæta að því að börnin missi ekki af félagslegum tengslum við jafnaldra sína	Sett verði upp skipulag yfir reglulegar heimsóknir yfir á eldri deildina	Deildarstjóri Starfsfólk deildar	2026-27	Deildarfundum	Að börnin tengist jafnöldrum sem þau sameinast svo þegar þau fara yfir á Rauðu deildina.
Deildarfundir	Nýta deildarfundi í faglega umræðu jafnt og umræðum um praktísk atriði.	Gæta að því að deildarfundir detti ekki niður þegar vel gengur. Haldnir séu amk 2 deildarfundir á mánuði	Deildarstjóri	2026-2027	Deildarfundir	Fundargerðir sýna að deildarfundir voru haldnir reglulega yfir árið.

Greinargerð Rauðu deildar fyrir skólaárið 2025-2026

Á Rauðu deildinni dvelja að jafnaði 28 börn. Skólaárið 2025-26 voru 15 börn fædd 2022 og 13 börn fædd 2023. Fimm starfsmenn starfa að jafnaði á deildinni og afleysing kemur inn fyrir undirbúning.

Haustið 2025 var nokkuð þungt framan af, þar sem ekki var búið að fullmanna deildina í upphafi skólaárs auk þess sem nokkuð var um veikindi fram eftir vetri. Með samstilltu átaki gekk þó nokkuð vel að halda uppi starfi í þeim gæðum sem viljum viðhafa. Frá áramótum var háskólamenntaður aðili með mikla reynslu ráðinn í kennarastöðu á deildinni, sem hafði mikið að segja fyrir starfið og andann á deildinni.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við leggjum áherslu á að hverju barni sé mætt af gleði, virðingu og umhyggju. Við leggjum okkur fram við að koma auga á og hrósa fyrir það sem gengur vel frekar en að halda á lofti því sem miður fer. Jákvæð athygli og jákvæð samskipti er svo miklu betri næring fyrir barnssálina en skammir og neikvæð samskipti. Með hvatningu og hrósi, er byggður grunnur að sjálfshjálp og sjálfræði, þannig styðjum við jákvæða sjálfsmynd barna og að þau upplifi sig sem einstaklinga sem geta.

Við höfum notað 0-5 skráningu 4 sinnum í vetur til að meta samskipti. 0-5 skráningunni er ætlað að vera spegill til að skoða samskipti okkar við börnin, hvort þau séu lítil/mikil, jákvæð eða neikvæð. Þetta er að okkar mati mjög gagnlegt verkfæri, bæði til að horfa í eigin barm og til að tryggja að vel sé hugað að líðan allra barna.

Í umbótaáætlun var gert ráð fyrir að vinna meira með Blæ og nýta betur þá hugmyndafræði sem honum fylgir. Það gekk ekki eftir og fer því áfram í umbótaáætlun.

Við bjóðum af og til upp á ærslaleik, en þar gefast tækifæri til að setja sín eigin mörk, bíta á jaxlinn, æfa hugrekki, seiglu og samskipti.

Flæði í leik

Frjáls leikur úti og inni sem fær að flæða án of mikillar stýringar fullorðinna, eflir ímyndunarafl barna og sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Þess er þó vænst og er mikilvægt að starfsfólk sé til staðar þar sem börnin eru og sé vakandi fyrir leiknum. Finni til efnivið sem auðgar leikinn og reyni að haga rýminu þannig að það ögri ímyndunarafli barnanna, t.d. með því að setja upp stöðvar, leikboð og kveikjur sem vekja forvitni. Þar gefast einnig tækifæri til að leggja inn góðar samskiptareglur og styðja við jákvæð samskipti. Þegar vel tekst til ná börnin ró, gleyma stund og stað og leikurinn blómstrar.





Mál og læsi

Lestrarstundir í litlum hópum eru fastur þáttur á hverjum degi og gjarnan tekið lítið málörvunarverkefni í lok stundar. Lubbi á sinn sess og hafa allir starfsmenn komið að því að vera með Lubbastundir. Það er þó ennþá markmið okkar að vinna á fjölbreyttari hátt með Lubbaefnið, að það sé ekki eingöngu tengt Lubbastundum og að Lubbi komi víðar við en þar, s.s. í útinámi og í skapandi starfi.

Söng og samverustundir eru mikilvægur þáttur í að byggja góðan grunn undir lestrarnám síðar meir. Þar vinnum við með takt, rím, samræður og orðskýringar í textum. Því meira sem við veltum fyrir okkur merkingu orða með börnunum, því duglegri verða þau við að spyrja um merkingu orða sem þau þekkja ekki.





Útinám og hreyfing

Útinám skipar stóran sess í starfinu okkar og umbótaáætlun gerði ráð fyrir aðlaga dagskipulag að því að yngri hóparnir færu jafn oft í útinám og þeir eldri og að fleira starfsfólk kæmi að því. Það hefur gengið eftir. Hver hópur hefur farið aðra hverja viku, ýmist á þriðjudögum eða miðvikudögum og allt starfsfólk hefur komið að útináminu. Yngri hóparnir hafa farið styttra og framan af var markmiðið fyrst og fremst að labba saman og skoða umhverfið, en labbitúrarnir lengst eftir því sem líður á skólaárið.




Skapandi starf og skynjun í anda RE

Í skapandi starfi vinnum við með fjölbreyttan efnivið, bæði hefðbundinn og óhefðbundinn. Pappír og ýmis konar litir eru alltaf í boði og aðgengilegir. Við höfum auk þess endurunnið

pappír, bæði í jólaskraut og skemmtilegar pappírsarkir, ferli sem tók góðan tíma og ákveðna áskorun því pappírsmaukið var slepjulegt viðkomu.

Í tengslum við þorrann unnum við með ull, bæði sem leikefni og sem skapandi efnivið. Ullin er mjúk og hlý og svo er hægt að gera myndir með henni

Við málum inni og úti, málum með óhefðbundnum "penslum" s.s. pappír og eyrnapinnum. Við málum á kaldann snjó sem svo bráðnar og litirnir renna saman. Við viljum þó gjarnan gefa börnum meiri möguleika á að ákveða sjálf hvaða efnivið þau nota og hvernig. Þáttur í því er að hafa skapandi efnivið sýnilegan og aðgengilegan og gefa rými og tækifæri til að nota hann á hvort heldur hefðbundinn eða óhefðbundinn hátt. Að nota skynfærin, skoða, rannsaka og handfjatla án þess að vera með ákveðna afurð í huga.





Fjölmenning:

Markmiðið í vetur var vinna meira með fjölmenningu. Meðal annars höfum við uppá vegg "góðan dag" plakat með öllum tungumálum deildarinnar, sem eru 3 talsins. Við höfum sömuleiðis rætt á deildarfundum mikilvægi þess að gæta þess að leikefni eins og bækur og púsluspil gefi mynd af fjölmenningu, að þar séu myndir af fólki af ólíkum uppruna og ólíkum fjölskyldugerðum.

Þegar við höldum upp á afmæli barna notum við íslenska fánann og fána afmælisbarns af erlendum uppruna.

Umbótaáætlun Rauðu deildar fyrir starfsárið 2026-2027

Umbótaþáttur / matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi **Tilfinningaleg a styðjandi umhverfi** **Skapandi starf í anda Reggió Emilía** **Mál og læsi**	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans	Allan ársins hring metum við áherslur okkar í starfi á deildarfundum, skipulagsdögum og stjórnendafundum	Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Fræðsludagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi
Skapandi starf í anda RE **Raddir barna**	Styrkja rödd barnanna. Leggja áherslu á ferli og áhuga barna fremur en útkomu. Börnin kynnist margs konar efnivið og hafi tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa.	Láta áhugasvið barnanna ráða meira för, bæði hvað efnivið og umhverfi á deildinni varðar. Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta. Skrá og funda um hugmyndir barnanna. Hvetja allt starfsfólk til að grípa áhuga barna og vinna með hann.	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Skráningar sýni að unnið sé með margvíslegan efnivið út frá áhuga barna á fjölbreyttan hátt.
Skapandi starf í anda RE **Aðgengi að skapandi efnivið**	Að skapandi efniviður verði sýnilegri og aðgengilegri á deildinni. Að börnin hafi meira að segja um það hvaða efnivið þau vilja vinna með. Vinna meira með skynjun, sem ekki þarf að skila afurð og mótun í þrívídd.	Nýta betur deildarfundi til að ræða hvað við erum að gera og hvernig það samræmist vinnu í anda RE.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 26-27	Deildarfundir	Að skráningar sýni að börn hafi fjölbreitt tækifæri til að kanna og vinna með fjölbreyttan efnivið.
Tilfinningaleg a styðjandi umhverfi	Að mæta hverju barni af virðingu, jákvæðni og þar sem það er statt.	Að halda áfram að vinna með Vináttu verkefnið og kynnast því námsefni betur, s.s.	Deildarstjóri Leikskólakennarar	2026-27	Deildarfundir	Að börn sýni færni í að nota leiðir sem hugmyndafræði verkefnisins bjóða upp á

		umræðuspjöldin og lögin.				
Mál og læsi	Nota Lubba á fjölbreyttari hátt. Sérstaklega með eldri hóp Leikir, spil, LubbasöngstundirRitmálið gert sýnilegra, þar sem hugtak og mynd fara saman t.d. í þemavinnu.	Allt starfsfólk komi að vinnu með Lubba Taka saman efni og hugmyndir sem auðvelt er fyrir starfsfólk að grípa í.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 2026-2027	Deildarfundir og skráningar	Að börnin þekki Lubba og lögin hans og hafi haft tækifæri til að rannsaka og leika sér með það
Útinám	Halda áfram að þróa útinámið með áherslu á að hlusta á raddir barna.Hvað vekur áhuga, rannsóknarefni í hæð barna. Þurfa ekki allir hópar að gera það sama	Útinám er með sérstakt pláss í vikuskipulagi. Starfsmenn skiptast á að leiða útinám	Deildarstjóri og leikskólakennari á deild.	Starfsárið 26-27	Deildarfundir og skráningar á útinámi.	Skráningar bæði í myndum, hugmyndum og vangaveltum barna
Hreyfistundi og ærslaleikur	Hreyfistundir og ærslaleikur fái meira vægi í dagsskipulagi og að börnin hafi sem oftast rými til að losa um orku og æfa samskipti.	Þróa í vetur með aðkomu allra starfsmanna	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 26-27	Deildarfundir	Skráningar sýni að börnin hafi haft tækifæri til að ærslast og að ærslaleikurinn nýtist sem verkfæri til að efla seiglu og samskiptafærni.

Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2025-2026

Elsta deild skólans heitir Græna deild. Skólaárið 2025-2026 dvöldu þar 30 börn, 14 börn fædd 2020 (7 drengir, 7 stúlkur), 16 börn fædd 2021 (9 drengir, 7 stúlkur). Fimm starfsmenn voru á deildinni á skólaárinu.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdögum.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - vinátta



Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett markmið um að auka gæði í samskiptum á deildinni og vinna markvisst með vináttuverkefni fyrir báða barnahópana í því skyni að efla jákvæð samskipti og félagsfærni.

Á Grænu deildinni hefur í nokkur ár verið unnið með vináttuverkefni, sem þróað var út frá forvarnarverkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur og Vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem rík áhersla er lögð á ***vináttu***, ***samskipti*** og ***samvinnu***. Fyrir áramót voru ekki fastar vinastundir, en hugmyndafræðin úr vináttuverkefninu var þó oft nýtt í ýmsum aðstæðum. Hvert barn á sinn Blæ bangsa, sem alltaf eru aðgengilegir og er oft boðið með í leik.

Ekki reyndist þörf fyrir sérstaka vináttuþjálfun í eldri hópnum þetta skólaár, en á síðari hluta skólaársins fór að bera á samskiptavanda hjá stúlkunum í yngri barnahópnum og þá var farið í markvissa vinnu með vináttu og samskipti hjá þeim.



Starfsfólk lagði sig fram við að vera góðar fyrirmyndir, setja skýr mörk og gæta þess að mæta hverju barni af gleði, virðingu og jákvæðni þar sem það var statt. Við gerðum tengslaskráningu tvisvar sinnum yfir veturinn til að meta samskipti okkar við börnin og átta okkur betur á samskiptum okkar við hvert og eitt barn og bæta úr þar sem uppá vantaði. Á næsta skólaári langar okkur að prófa svokallaða 0-5 skráningu.

Mál og læsi

Markmið skólaársins var að efla málvitund og auka orðaforða og vinna meira með ljóð og þulur, ásamt því að vinna með Lubba námsefnið á fjölbreyttari hátt.

Samverustundir voru nýttar fyrir margs konar málörvun, t.d. klappa takt, ríma og hljóðaleiki.



Lubbastund

Ljóð og þulur fengu meira vægi á þessu skólaári, gamlar þulur og úrtalningarvísur voru kynntar fyrir börnunum. Lubba námsefnið var notað í aldursskiptum hópum líkt og undanfarin ár. Öll börn fóru í Lubbastund einu sinni í viku þar sem farið var yfir málhljóð vikunnar og unnið með það á fjölbreyttan hátt. Deildarstjóri hélt utan um skipulag og undirbjó Lubbastundirnar og allt starfsfólk tók þátt í stýra þeim, sem gekk vel. Lestrarstundir áttu fastan stað alla daga vikunnar og urðu fjölbreyttari á þessu skólaári eftir að starfsfólk sátu mjög skemmtilegt námskeið Birte Harksen og Ingibjargar Ásdísar (Immu) um þátttökulestur og þyrlusögur. Í þátttökulestri taka börnin virkan þátt í lestrarstundunum, en í þyrlusögu aðferðinni búa börnin til sínar eigin sögur sem síðan eru settar upp sem leikþáttur. Báðar þessar aðferðir gáfust mjög vel og verða nýttar áfram á næsta skólaári.


Börnin leika „þyrlusögu".

Börnin í elsta hópnum tóku þátt í opnun Barnamenningarhátíðar. Í ár var unnið með lögin á myndrænan hátt, orð og hugtök útskýrð og börnin léku lögin. Það skilaði sér í því að þau náðu að læra og skilja barnamenningarlögin í ár mun betur en áður. Í framhaldinu var tekin ákvörðun um að gera meira af því að gera söngtexta myndræna og jafnvel leika textana.

Nokkur börn á deildinni þurftu á markvissri málörvun og framburðarþjálfun að halda og fengu tveir starfsmenn á deildinni það hlutverk að halda utan um þá þjálfun undir handleiðslu sérkennslustjóra.

Skapandi starf í anda Reggió Emilía



Áhersla á ferli og áhuga barnanna fremur en útkomu

Í umbótaáætlun síðasta árs var sett markmið um að leggja meiri áherslu á ferli og áhuga barnanna fremur en útkomu, að kynna fyrir þeim margs konar efnivið og gefa þeim tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa.

Vel hefur gengið að vinna eftir þessum umbótaþætti. Líkt og fyrri ár hefur umhverfið á deildinni tekið reglulega breytingum og það aðlagað þörfum barnanna sem á deildinni dvelja, til að skapa þeim umhverfi og efnivið sem hentar þeirra áhuga og kröfum. Í þessum hóp var mikill áhugi bæði á hlutverkaleik og byggingaleikjum svo bæði fengu gott rými þetta skólaárið, við bættum við leikefni í heimiliskrók, meiri og fjölbreyttari leikmat, fleiri dúkkum, dúkkufötum, búningum og böngsum svo eitthvað sé nefnt. Kubbaleikir margs konar fengu mikið vægi og byggingar og kubbabyggingar fengu oftar en ekki að standa milli daga svo hægt væri að koma að þeim aftur síðar og halda leiknum áfram.

Á næsta skólaári viljum við gjarnan gefa okkur meira rými til að setja upp kveikjur og leikboð á deildinni áður en börnin mæta og teljum við að það ætti alla jafna að vera svigrúm til þess í lok dags. Einnig viljum við valdefla börnin með því að skrá niður hugmyndir þeirra og setja í kassa sem er svo tekinn og skoðaður á tveggja vikna fresti og hugmyndir ræddar.



Sýnileiki námsins - skráningar

Skráningar skipa stóran sess í starfinu okkar. Listaverk barnanna fengu að prýða veggi leikskólans, ásamt myndrænum og skriflegum skráningum. Skriflegar skráningar fóru einnig í námsbækur sem börnin fengu afhentar að vori. Myndir voru hengdar upp á veggi deildarinnar af börnunum í leik svo börnin gætu skoðað og mætti ef til vill gefa þess háttar skráningum meira vægi á næsta skólaári svo börnin fái fleiri tækifæri til að koma meira að mati á eigin námi..



Foreldrar fengu einnig sendar skriflegar og myndrænar skráningar af leik og starfi barnanna í leikskólanum í formi SWAY-fréttabréfs 1-2x í mánuði. Þar fengu foreldrar innsýn í daglegt starf okkar í leikskólanum.

Alltaf eru þó tækifæri til umbóta og stefnum við að því að styrkja rödd barnanna enn frekar á nýju skólaári og láta áhugasvið barnanna ráða meira för bæði hvað efnivið og umhverfi á deildinni varðar og einnig að verða virkari þátttakendur í skráningum t.d. með því að bjóða börnunum oftar upp á að taka ljósmyndir sjálf og gefa börnunum kost á að hafa áhrif á hvað er hengt upp fyrir sýningar í leikskólanum.

Aðrir umbótaþættir

Útinám

Við lögðum upp með að auka gæði í útinámskennslu til að efla áhuga og náttúrulæsi. Ætlunin var að fara með litla hópa í skipulagðar útinámsferðir reglulega, en það gekk þó ekki upp vegna annars skipulags. Þó voru gönguferðir farnar reglulega í útinámi allt skólaárið og við stefnum að því að halda því áfram næsta skólaár.



Fjölmenning

Í upphafi skólaársins var leikefni deildarinnar skoðað með gagnrýnum augum með það að markmiði að það styddi og endurspeglaði fjölmenningu og fjölbreytileika. Þess var gætt að boðið væri uppá t.d. dúkkur með mismunandi húðlit og bækur sem endurspegluðu fjölbreytileika. Við inngang deildarinnar hengdum við upp spjald með setningunni „Góðan daginn“ á þeim tungumálum sem töluð eru í leikskólanum og þegar pólsk stúlka á deildinni átti afmæli var afmælissöngurinn sunginn fyrir hana bæði á íslensku og pólsku.



Umbótaáætlun Grænu deildar fyrir starfsárið 2026-2027

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Áherslur leikskólans í starfi	Að starfsemi leikskólans og faglegt starf sé takt við áherslur leikskólans.	Allan ársins hring metum við áherslur okkar í starfi á deildarfundum, skipulagsdögum og stjórnendafundum	Skólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir Starfsdagar	Starfið í leikskólanum er takt við áherslur leikskólans í starfi.
Skapandi starf í anda RE **Raddir barna**	Styrkja rödd barnanna. Leggja áherslu á ferli og áhuga barna fremur en útkomu. Börnin kynnist margs konar efnivið og hafi tækifæri til að nota hann á þann hátt sem þau kjósa.	Láta áhugasvið barnanna ráða meira för, bæði hvað efnivið og umhverfi á deildinni varðar. Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta. Skrá og funda um hugmyndir barnanna. Hvetja alla starfsmenn til að grípa áhuga barna og vinna með hann.	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Skráningar sýni að unnið sé með margvíslegan efnivið út frá áhuga barna á fjölbreyttan hátt.
Skráningar	Gera nám barnanna og hæfileika sýnilega. Börnin virkari þátttakendur í skráningum.	Skráningar í fataklefa og inni á deild svo börnin geti séð. Fréttabréf 1-2 í mánuði. Velja vel úr listaverkum sem fara í bókina og hafa skráningar með þeim Bjóða börnunum að taka ljósmyndir sjálf og gefa þeim kost á að hafa áhrif á hvað er hengt upp fyrir sýningar í leikskólanum.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Starfsfólk geti metið og skilið börnin og lærdóm þeirra og áhrifin sem þeir sjálfir hafa. Skráningar taka ekki allan undirbúningstíma.
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Góð samskipti á deildinni og áhersla á að hverju barni sé mætt af virðingu og jákvæðni, þar sem það er statt.	Starfsfólk eru góðar fyrirmyndir, aðstoði börn í leik og kenni samskipti. Skýr mörk sett af virðingu og yfirvegun. 0-5 skráning notuð markvisst til að meta tengsl starfsmanna við börnin.	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Aukinn félagsþroski og meiri gæði í samskiptum á deildinni. Allt starfsfólk virkir þátttakendur.
Mál og læsi	Efla málvitund og auka orðaforða. Nota fjölbreyttar aðferðir sem auka áhuga, virkni og þátttöku barna.	Vinna áfram með Lubba námsefnið á fjölbreyttan hátt. Halda áfram að þróa þátttökulestur og þyrlusögur.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2026-27	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Að börnin hafi eflst í hlustun og skilningi og aukið orðaforða sinn og séu virkir þátttakendur í sögu-/lestrarstundum.

		Skoða að bæta við stundum með Stafagaldursnámsefni.				
Útinám	Auka gæði í útinámskennslu til að efla áhuga og náttúrulæsi.	Gönguferðir og útinám hafi fastan stað í vikuskipulagi.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2026-27	Umræður á deildarfundum.	Aukið náttúrulæsi og áhugi barna og starfsmanna.

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum. Regnboganum er ekki lokað á virkum dögum vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Skipulags- og fræðsludagar eru að jafnaði 7-8 á ári. Við gerð áætlunarinnar er tekið mið af óskum starfsfólks úr starfsánægjukönnun og hverjar þarfir inna leikskólans eru hverju sinni.

Fræðsla á skólaárinu 2025-26

- *Lubbi finnur málbein* námskeið í höndum Eyrúnar Ísfold á starfsdegi í september 2025.
- *Leikur að tónlist og bókum* námskeið á vegum Birte Harksen og Ingibjargar Ásdísar haldið á starfsdegi í janúar 2025.
- Námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísi Storgaard sér um er haldið árlega í febrúar og starfsfólk sækir annað hvert ár, foreldrum ávallt boðin þátttaka.
- Nokkrir starfsmenn fóru á fræðslufundi á vegum Miðju máls og læsis
- 7 starfsmenn fór á ráðstefnu Rannungar – *leikskólinn og yngstu börnin*
- 6 starfsmenn fóru á ráðstefnuna *Að finna taktinn – ráðstefna um hæglátt leikskólastarf*
- Einn starfsmaður fór á *Fagnámskeið 1 fyrir starfsfólk leikskóla* hjá Mími-símenntun
- 2 starfsmenn fóru á leikvallaráðstefnuna, *Að leika er að læra*, á vegum samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra.



Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum:

- **Fyrsti skipulagsdagur skólaársins** verður laugardaginn 12. september frá 8:00-14:00 Farið verður í mannauðsmál og fleira.
- Slysavarnarnámskeið barna með Herdísi Storgaard verður 7. febrúar
- Stjórnendateymi leikskólans fer á alþjóðlega ráðstefnu í London á vegum **Smart Teachers Play More (STPM).** Þessi samtök sérhæfa sig í starfsþróun kennara með áherslu á vellíðan, hreyfingu, leik og tilfinningalega færni sem grundvöll árangursríks náms.
- Þá munum við áfram bjóða uppá margs konar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Örviðtöl deildarstjóra eru tekin einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Þar gefst bæði deildarstjóra og starfsfólki tækifæri til að fara yfir stöðuna og meta hvað gengur vel og hvar tækifæri til vaxtar, þjálfunar og starfsþróunar liggja.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl. Markmiðið með þeim er að eiga notalega og afslappaða stund með starfsmanni þar sem rými er fyrir opið samtal um starfið og annað sem starfsmanni liggur á hjarta. Það sem skein í gegn í viðtölunum var almenn ánægja með Regnbogann sem vinnustað. Starfsfólk upplifir jákvæða og styðjandi vinnustaðamenningu og finnst gaman að mæta í vinnuna. Það var afar ánægjulegt að heyra að gildin okkar og samskiptasáttmáli endurspeglast svona vel í samtölum við starfsfólk.



Samstarf

Samstarf leik- og grunnskóla: Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla líkt og áður auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins: Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Í ár var lögð áhersla verk eftir Dr. Gunna tónskáld og textahöfund og sungu börn á Barnamenningarhátíðinni í Hörpu.



Dansnámskeið: Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Jóhanna Einarsdóttir danskennari sá um danskennsluna en hún hefur um árabil séð um kennsluna hjá okkur. Dansnámskeiðið fer fram á föstudagsmorgnum í janúar og febrúar ár hvert.

Foreldrasamvinna

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglist í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir voru haldnir í upphafi nýs starfsárs og þá er kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hverrar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur foreldrum sem gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar (formaður, gjaldkeri og ritari) eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 18 fulltrúar í ráðinu.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira.

Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðsluerindum á vorönn. Að þessu sinni fengu þau Ásgerði Örnu Sófusdóttur teymisstjóra í fjölskylduteymi 0-5 ára á geðheilsumiðstöð barna. Á fyrirlestrinum fjallaði hún um samskipti og tengslamyndun, hvernig best er að mæta barni á viðeigandi hátt út frá þroska og líðan, hvernig við lesum í hegðun barna og reiðköst og tilfinningar.

Lokaorð



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfsliði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Reykjavík júlí 2026

Fanney Guðmundsdóttir

Leikskólastjóri

Fylgiskjöl

- Umsögn foreldraráðs
- Skóladagatal

Umsögn foreldraráðs Regnbogans um starfsáætlun skólaársins 2026-2027

Samkvæmt 11. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 er hlutverk foreldraráðs meðal annars að veita umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og fylgjast með framkvæmd þeirra.

Fulltrúar foreldraráðs Regnbogans hafa kynnt sér starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026-2027 ásamt greinargerðum um starfsemi liðins skólaárs og umbótaáætlunum komandi árs.

Að mati foreldraráðs gefur starfsáætlunin mjög góða, heildstæða og trúverðuga mynd af starfsemi Regnbogans. Skýrt kemur fram hvernig áherslur leikskólans um tilfinningalega styðjandi umhverfi, mál og læsi og skapandi starf í anda Reggio Emilia birtast í daglegu starfi með börnunum. Þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá að markmið og umbótaáherslur byggja á markvissu mati á starfinu og þeirri reynslu sem starfsfólk hefur aflað sér á undanförnu skólaári.

Greinargerðir deildanna sýna vel hvernig unnið er með ólíkan aldur barna og hvernig áhugi þeirra og frumkvæði fær að hafa áhrif á nám og leik. Sérstaklega vekur athygli hversu skýrt kemur fram að lögð er áhersla á að hlusta á raddir barnanna og að skapandi starf byggist í auknum mæli á ferlinu sjálfu fremur en fyrirfram ákveðinni útkomu. Slík nálgun endurspeglar vel þá hugmyndafræði sem hefur lengi einkennt starf Regnbogans. Foreldraráð telur jafnframt að starfsáætlunin sýni með sannfærandi hætti að áfram sé unnið markvisst að málörvun og læsi barna, meðal annars í gegnum námsefnið *Lubbi finnur málbein*, þátttökulestur, þyrlusögur og fjölbreyttar lestrarstundir. Einnig kemur vel fram að unnið er að því að efla félagsfærni, vináttu og tilfinninga þroska barnanna með markvissri vinnu starfsfólks og notkun Vináttuverkefnis Barnaheilla.

Foreldraráð fagnar því einnig hversu rík áhersla er lögð á fagmennsku starfsfólks, starfsþróun og endurmenntun. Ljóst er að leikskólinn leggur metnað sinn í að þróa starf sitt og skapa umhverfi þar sem bæði börn og starfsfólk geta blómstrað.

Sérstaklega jákvætt er að starfsáætlunin er ekki einungis upptalning markmiða heldur felur einnig í sér gagnrýna sjálfskoðun. Víða eru nefnd verkefni sem hafa gengið vel ásamt þeim þáttum sem enn má þróa frekar. Slík nálgun eykur trúverðugleika starfsáætlunarinnar og sýnir vilja til stöðugra umbóta.

Foreldraráð telur að starfsáætlunin sé almennt aðgengileg og veiti foreldrum góða innsýn í starfsemi leikskólans. Þó mætti skoða hvort hægt væri í framtíðinni að draga saman á einum stað helstu styrkleika síðasta skólaárs, mikilvægustu umbótaverkefni og lykiláherslur komandi árs til að auðvelda foreldrum yfirsýn.

Foreldraráð bendir jafnframt á að við lokafrágang starfsáætlunarinnar væri æskilegt að fara yfir nokkur atriði sem virðast vera vinnudrög eða athugasemdir sem eiga ekki erindi í endanlega útgáfu skjalsins. Einnig mætti samræma framsetningu á köflum til að styrkja enn frekar heildarmynd og læsileika.

Að öðru leyti hefur foreldraráð ekki athugasemdir við starfsáætlunina og telur að hún endurspegli afar vel það metnaðarfulla og faglega starf sem fram fer í Regnboganum. Starfsáætlunin sýnir skýra sýn á nám, velferð og þroska barna og gefur foreldrum góða innsýn í þau gildi sem starf leikskólans byggir á; virðingu, gleði og umhyggju.

Fyrir hönd foreldraráðs Regnbogans

María Jóna Magnúsdóttir

Formaður foreldraráðs

Skólaárið 2026-2027

Regnboginn leikskóli

Skóladagatal 2026-2027

SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST
1 Þ Græna kl. 20:00	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Veraklýðsdagurinn	1 Þ	1 F	1 L
2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 S
3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Regnboginn 24 ára	3 L	3 M	3 F	3 L	3 M Frídagur verslunarmanna
4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ
5 L Skipulagsdagur	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dans	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 M
6 S	6 Þ	6 F Jól í skókassa	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Slysavarnanámskeið	6 L	6 Þ	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ	6 F
7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 F
8 Þ Rauða kl. 20:00	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F Danskennsla hefst	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 L
9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 S
10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Öskudagur /Dans	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 M
11 F	11 S	11 M	11 F Leikhús í tösku kl. 9:15	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ Undirb.dagur stjórnenda
12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 M Deildarstjórafundur og undirbúningur
13 S	13 Þ	13 F Lestrarspretti líkur	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F Nýtt skólaár hefst
14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðinna	14 M	14 F	14 M	14 M	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F Dans	15 M	15 M Tannverndarvika	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 L
16 M Gula kl. 20:00	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu Lubbi afmæli	16 M Litlu jólin og fore.kaffi	16 L Skipulagsdagur	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F	16 S
17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L Skipulagsdagur	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L	17 M
18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ
19 L	19 M	19 F Ömmu og afa samvera á Grænu	19 L	19 Þ	19 F Vöfflukaffi /Dans	19 F	19 M Barnamenningarhátíð	19 M Útskriftarferð	19 L	19 M	19 M
20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L Alþjóðl.tannv.d	20 Þ Faghópur	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 M	21 L Skipulagsdagur	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - þorrablót/Dans	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti og opið hús	22 L Sveitaferð kl. 13:00	22 Þ	22 F	22 L
23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F	23 S
24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 M Skólasetning grunnskóla
25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 L	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M Útskrift	26 L	26 M	26 M
27 S	27 Þ Bangsa og náttf.d.	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Menntastefnumót	27 F Víkingasveit hefst Deildarskipti	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 M	28 L	28 M Lokað	28 F	28	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Lokað	29 F Dans		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 L
30 M	30 F Lestrarsprettur hefst	30 M	30 M Lokað	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 S
	31 L		31 F Lokað	31 S		31 M		31 M		31 L	31 M

Ekki er lokað í leikskólanum á skipulagasdögum, lokað er milli jóla- og nýárs.
Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra
*Miðvikudaginn 26. maí leggst útskrfitarhópur í víking, börn flytjast á milli

Gildi Regnbogans eru: ***Virðing*** **-** ***Gleði*** **-** ***Umhyggja***

Einkunnarorð leikskólans eru: ***Börn eru merkilegt***